



# MYND3ME05

## Kennsluáætlun – Haustönn 2017

Fjölbrautaskóli Suðurlands

---

### **Kennarar áfangans:**

Elísabet Helga Harðardóttir (EH), elisahelga@gmail.com

### **Áfangalýsing:**

Í áfanganum er fengist við módelteikningu. Mannslíkaminn teiknaður frá öllum hliðum í ýmsum stellingum, ýmist líkamspartar eða öll manneskjan. Fyrirmyndirnar eru teikningar ljósmyndir og lifandi módel. Verkefnum skal skila sem skissum. Fullunnum verkum sem sýna manninn í umhverfi sínu með ýmis konar aðferðum og fullunnum verkum þar sem mismunandi stílbrigði ýmist staðbundin eða frá mismunandi tímabilum eru áhrifavaldar.

### **Markmið áfangans:**

#### **Þekking**

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- hlutfallaskiptingu mannslíkamans.
- anatómíu mannslíkamans.
- hreyfímöguleikum mannslíkamans.
- Fjarvíddarstyttingum.
- á stílbrigðum og aðferðum.
- hvaða aðferðir hann vill nota (mega vera fleiri en ein).
- hvaða stílbrigði hann vill nota (mega vera fleiri en eitt).
- hvernig á að setja tilfinningar og hugtök í myndbygginguna með formnotkun.

#### **Leikni**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- teikningu mannslíkamans.
- nýta sér öll þau verkfæri til að ná réttum hlutföllum, styttingum og anatómíu.
- nota ákveðin stílbrigði sem hann hefur valið sjálfur.
- nota áveðnar aðferðir sem hann hefur valið sjálfur.
- útskýra og rökstyðja val sitt á aðferðum og stíl.
- útskýra og rökstyðja merkingu verksins.

## Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að

- túlka manninn í umhverfi sínu (abstrakt/raunsætt og í fleiri stílum).
- kalla fram þá tilfinningu sem hann æskir í verkið.
- gera sér grein fyrir í hvaða efnivið hann vill vinna sem og stíl.
- geta rætt og rökstutt verk sín.

## Kennslubækur og kennslugögn

- Fyrirlestrar, innlögn, glæsur, internetið, sýnikennsla og verkleg kennsla en engar hefðbundnar kennslubækur.

## Kröfur og verkefnaskil

- Nemendur útbúa möppur strax í byrjun annar fyrir verk sín.
- Nemendur geymi skissur og verkefni í möppunum og haldi vel utan um allt.
- Áfanginn er próflaus, símatsáfangi. Hver verkhluti hefur sitt vægi þar sem ekki einungis endanlegt verk liggur til grundvallar heldur líka vegferðin öll s.s. áhugi, vinnusemi, tilraunir, framfarir og mæting.

## Efnisgjald

- Efnisgjald í áfanganum er 7000 kr gengur það upp í ýmiskonar liti og pappír og skal borga það á skrifstofu sem allra fyrst.

## Vægi námsþátta í vetrareinkunn og tímaáætlun á önninni

- |  |     |                    |
|--|-----|--------------------|
| • Mappa                                  | 5%  | ágúst              |
| • Skissur með listasögutengingum         | 20% | fyrri hluti annar  |
| • Skissur, lifandi módel                 | 25% | “                  |
| • Fullunnin verk eftir eigin teikningum  | 25% | seinni hluti annar |
| • Fullunnin verk með vísun í listasöguna | 25% | “                  |

## Annað

- Tölvur og símar leyfðir í tímum enda mikilvæg vinnutæki. Nemendur eru þó beðnir um að lágmarka notkun á samfélagsmiðlum, símtölum og skilaboðum hvers konar og einbeita sér sem mest að sköpuninni og vinnunni.

Kennsluáætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.